



## Afgangur af þjónustujöfnuði ekki minni síðan 2014


Þjónustuútflutningur nam 175,7 mö.kr. á öðrum ársfjórðungi samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofunnar. Þetta er 7,2% hærri upphæð en á sama tíma í fyrra. Þjónustuinnflutningur nam 120,8 mö.kr. á öðrum fjórðungi og jókst öllu meira, eða um 17,8% frá sama tímabili í fyrra. Afgangur af þjónustujöfnuði nam því 55 mö.kr. og dróst saman um 10,5% milli ára. Þetta er minnsti afgangur af þjónustujöfnuði síðan árið 2014 þegar hann nam 32,3 mö.kr. Á árabílinu 2015-2017 lá afgangurinn á bilinu 61,2 til 64,5 ma.kr. Minni afgangur nú en í fyrra liggur einfaldlega í því að upphæð innflutnings hækkaði meira en upphæð útflutnings. Þannig jókst útflutningur um 7,8 ma.kr. en innflutningur um 18,3 ma.kr.

### Ferðaðþjónustan stendur á bak við aukinn útflutning


Eins og verið hefur síðustu ár bar vöxtur ferðaðþjónustu uppi aukninguna í þjónustuútflutningi. Útflutningur ferðaðþjónustu skiptist í þjónustuliðina ferðalög annars vegar og farþegaflutninga hins vegar. Ferðalög, sem mæla útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi án kaupa þeirra á flugþjónustu innlendra flugfélaga, jukust um 6,6 ma.kr., eða 8,1% milli ára. Sú upphæð skýrir um 84,2% af heildaraukningu þjónstuútflutnings milli ára. Farþegaflutningar drógust hins vegar saman um 1 ma.kr., eða um 2,2%. Samanlagt skýrir útflutningur ferðaðþjónustu því 71% af heildaraukningu þjónstuútflutnings.

### Aukning útflutnings ferðalaga í samræmi við fjölgun ferðamanna

Aukning útflutnings ferðalaga var í nokkuð góðu samræmi við talningar á fjölda ferðamanna hér á landi en fjöldi ferðamanna var 4,8% meiri á öðrum ársfjórðungi en á sama tímabili í fyrra. Til samanburðar jókst útflutningur ferðalaga á föstu gengi um 4%. Útflutningur ferðalaga á hvern ferðamann nam 161,3 þúsund á öðrum ársfjórðungi borið saman við 162,7 þúsund á sama tímabili í fyrra



### Breyting í útflutningi á F2






reiknað á föstu gengi krónunnar. Samdrátturinn nemur því 0,8% milli ára. Til samanburðar jókst útflutningur ferðalaga á hvern ferðamann 2,2% á fyrsta ársfjórðungi og 1,7% á fjórða ársfjórðungi.

### **Verðþróun í flugi dregur úr tekjum farþegaflutninga**


Aukning í útflutningi farþegaflugs var töluvert minni en aukning í ferðalögum. Það skýrist að mestu leyti af verðþróun í flugi. Einn af undirliðum vísitölu neysluverðs er verð á flugi til útlanda. Sá liður var 17,2% lægri á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama fjórðung í fyrra. Nú þarf þessi liður ekki að endurspeglar fullkomlega verðlagningu gagnvart þeim erlendu ferðamönnum sem kaupa sér þjónustu íslenskra flugfélaga. Ef hins vegar er gert ráð fyrir að hann geri það og útflutningur farþegaflugs er staðvirtur með þessari vísitölu má sjá að raunaukning í farþegaflutningum var 18,2% á öðrum ársfjórðungi. Það er nokkuð meiri vöxtur en í ferðalögum sem nam 4% milli ára. Umtalsverður hluti farþega bæði Icelandair og Wow eru svokallaðir skiptifarþegar sem millilenda einungis hér á landi án þess að vera flokkaðir sem ferðamenn.

### **Ferðalög Íslendinga standa á bak við aukinn innflutning þjónustu**

Svipuð þróun var uppi á teningnum í innflutningi þjónustu eins og útflutningi þjónustu að því leyti að aukning í ferðalögum stóð á bak við stærstan hluta heildaraukningar í þjónustuinnflutningi. Innflutningur þjónustu jókst um 18,3 ma.kr. og innflutningur ferðalaga, sem stendur fyrir neysluútgjöld ferðalaga Íslendinga erlendis, um 8,3 ma.kr. sem er um 45% af aukningu þjónustuinnflutnings. Alls nam innflutningur ferðalaga 55,5 mö.kr. á fjórðungnum og jókst hann um 17,5% milli ára. Ferðalög Íslendinga erlendis hafa aukist mikið á síðustu misserum samfara uppgangi efnahagslífsins sem birst hefur m.a. í auknum kaupmætti heimila í krónum og sterkara gengi krónunnar sem aftur hefur aukið kaupmátt íslenskra heimila erlendis. Brottförum Íslendinga frá Leifsstöð hefur fjölgað á hverju ári frá og með árinu 2010. Meðalfjöldgunin hefur verið 11,9% á þessu tímabili en á síðustu þremur árum hefur fjöldgunin verið umfram það. Á síðasta ári voru brottfarir Íslendinga frá Leifsstöð 619 þúsund og lætur því nærri að hver Íslendingur hafi farið að Hagsjá



Staðvirt með mælingu á liðnum flugfargjöld til útlanda í VNV  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Aukning á 12 mánaða grundvelli  
Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands



meðaltali tvisvar sinnum til útlanda. Til samanburðar voru brottfarir einungis 255 þúsund árið 2009.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.